

Fjarðarí, Seyðisfirði.Vatnamælingar 16. og 17. febr. '51.

Frá 10. nóv. sl. hafa verið frost á Fjarðarheiði, að undanskildum örfáum dögum, 17. og 18. des., 24. jan., 6., 7., 11. og 12. febr. Þá hefur hitinn verið um frostmark. Þessa daga hefur verið sunnan og suðaustan rigning á Seyðisfirði og kraparigning á heiðinni, svo að ekki er um að ræða leysingu á Fjarðarheiði í vetur það sem af er.

Þegar ég mældi Fjarðará 16. febr. hafði verið frost á Seyðisfirði þrjú næstu daga á undan, en þann dag var veðrið: A4 3<sup>o</sup> skúrir. Fyrir ofan rafstöðina voru slydduél en uppi á Neðri-Staf var hríðarveður og skafrenningur. Á Neðri-Staf var slétt yfir árfarveginn. Með mér voru tveir duglegir menn frá Seyðisfirði, Þorbjörn Arnóðsson og maður að nafni Árni. Dagurinn fór nærri allur í að moka snjó og náði ég þarna í þrjár vatnsrennslismælingar, sem sýndu vatnsmagn árinna 250-270 l/sek.

Þá gerðum við tilraun til að mæla ána neðan við Neðri-Staf og ofan við rafstöðina en urðum allsstaðar frá að hverfa, sökum stórgryttis í botni, sem ekki var unnt að hreinsa til, þar eð áin var uppþölgin af krapí. Hjá Helluhyl var góð aðstað til að mæla rennslíð, þar reyndist það vera 530 l/sek.

Vatnshæðarmælur rafstöðvarinnar voru truflaðir af ís.

Næsta morgun fórum við Þorbjörn Arnóðsson upp að Heiðarvatni. Veðurhæðin var nú meiri og norðlægari en daginn áður. Miðlað hefur verið úr Heiðarvatni síðan 7. des. sl. Þá voru teknir tveir stafir úr stíflunni. Vatnshæðin var þá 301 cm, en það svarar til 300 l/sek rennslis. Síðan hefur vatnshæðin farið stöðugt lækkandi. Við Þorbjörn mældum rennslíð úr vatninu og reyndist það vera 150-180 l/sek. Á örlitlum bletti neðan við stíflugarðinn hafði svifað frá honum, svo að auðvelt var að komast að útrennslislinu, en þar voru stórir steinar í botninum, svo að erfitt var að fá hann sléttan, með því

einu móti, að ná vatninu inn í klakastokk fékkst jafnt og hvirfla lítið rennsli. Vatnshæðin var 110 cm, en til þeirrar hæðar, tveggja stafa ops, svarar rennslið 180 l/sek. skv. lykli Heiðarvatns. Á vatninu var ís og krap um 160 cm.

Niðurstæður:

Heiðarvatn: 165 l/sek

Neðri-Stafur: 260 l/sek

Helluhylur: 530 l/sek

Úrkomusvæðið frá Heiðarvatni og niður á Neðri-Stafsbrún er 36 km<sup>2</sup>. Rennslið er því 2,6 l/sek pr. km<sup>2</sup>. Sé gert ráð fyrir sama afrennsli pr. km<sup>2</sup> á svæði Heiðarvatns, er hið raunverulega niðlunarvatn um 135 l/sek.

Svæðið frá Neðri-Staf og niður að Helluhyl er 22 km<sup>2</sup>. Rennslið er þar 12 l/sek pr. km<sup>2</sup>.

26.2.1951.

*S. Pisk*